

EFTIRLITSSKÝRSLA

Skinney Þinganes Hornafjörður



Dags eftirlits	7.11.2013	Fulltrúi UST	Leifur Þorkelsson
Fyrirtæki	Skinney Þinganes	Fulltrúi UST	
Heimili	Miðósi 17, Hornafirði	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	4801692989	Flokkur	Fiskimjölverksmiðja
Fulltrúi fyrirtækis	Þórður Jónsson	ÍSAT nr.	15.20.7
Fulltrúi fyrirtækis	Elín Harðardóttir	Staðsetning	684193,364 421481,264

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Tvö frávik frá starfsleyfi komu í ljós í eftirlitinu, annað varðandi stærð lekavarnarþróar umhverfis lýsisgeyma og hitt að fita í fráveituvatni frá fitugildru er yfir leyfilegum mörkum. Framkvæmdir við byggingu ketilhúss ganga vel og fyrirhugaðar eru breytingar á flutningi hráefnis frá frystihúsi fyrirtækisins til verksmiðjunnar

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitsferðin hófst á fundi með fulltrúum fyrirtækisins byrjað var á því að fara yfir yfirstandi og væntanlegar framkvæmdir.

Fram kom að framkvæmdir við byggingu ketilhúss uppsetningu rafskautaketils ganga vel gert er ráð fyrir að þeim verði að mestu lokið um áramót 2013-2014.

Vinna er hafin við breytingar á flutningi hráefnis frá frystihúsi fyrirtækisins til verksmiðjunnar. Lagðar verða lagnir á botni hafnarinnar og verður hráefni dælt eftir þeim frá frystihúsi til verksmiðjunnar. Stefnt er að því að samhliða breyttu fyrirkomulagi við flutning hráefnis til verksmiðjunnar verði sett niður fituskilja í verksmiðjunni sem viðbót við núverandi hreinsibúnað.

Framkvæmdir við lekavarnarþró umhverfis lýsisgeyma standa enn yfir en óvænt atvik á framkvæmdatíma hafa tafið verkið. Núverandi magn lýsisbirgða er innan við 25% af heildarrýmd lýsisgeyma og miðast birgðahald verksmiðjunnar við það að lýsisbirgðir fari ekki yfir 25% á meðan lekavarnarþró er ófullgerð.

Farið var yfir síðustu eftirlitskýrslu en í henni komu fram tvö frávik frá starfsleyfi fyrirtækisins, varðandi útstreymisbókhald og lekavarnarþró.

Umhverfisstofnun féll frá áminningu á hendur fyrirtækinu í vor í kjölfar yfirlýsingar frá fyrirtækinu þess efnis að losun mengandi efna frá verksmiðjunni væri undir þeim mörkum sem tilgreind eru í II viðauka reglugerðar (EB) nr. 166/2006 og fyrirtækið þyrfti því ekki að skila útstreymisbókhaldi vegna ársins 2011. Fram kom að fyrirtækið sendi sambærilega yfirlýsingu til Umhverfisstofnunnar þann 29. apríl sl. varðandi mengandi efni frá starfstöð fyrirtækisins og því þyrfti fyrirtækið ekki að skila útstreymisbókhaldi vegna ársins 2012.

Fyrirtækið fékk frest til 1. september 2013 til að ljúka gerð lekavarnarþróar umhverfis lýsistanka. Ekki tókst að ljúka í tíma og var fresturinn framlengdur til 1. nóvember. Framkvæmdum við lekavarnarþróna er þó enn ekki lokið.

Ein kvörtun hefur borist vegna starfseminnar þar sem af er ári en dagana 25.-26. júní var í tvígang kvartað til Heilbrigðiseftirlits Austurlands vegna lyktarmengunar. Í tilkynningu Heilbrigðiseftirlits Austurlands til Umhverfisstofnunnar kemur fram að hráefni í vinnslu var tiltölulega ferskt en yfirsjón starfsmanna varðandi lykkeyðingarbúnað og stillingar á honum varð til þess að lykt frá verksmiðjunni olli óþægindum í nágrenni hennar.

Farið var yfir starfsleyfi fyrirtækisins, útgefnu af Umhverfisstofnun í júní 2010 með gildistíma til 30.06.2026.

Mælingar á hávaða frá verksmiðjunni fóru fram 30. nóvember 2012, skýrslu með niðurstöðum mælinganna var skilað í Umhverfisstofnunnar þann 29. apríl 2013 í samræmi við grein 3.4.

Grænuþókhaldi vegna starfseminnar var skilað þann 29. apríl 2013 í samræmi við grein 3.3.

Sýnataka frá fráveituvatni fór í febrúar í samræmi við grein 3.2 niðurstöðum var skilað til Umhverfisstofnunnar þann 29. apríl 2013 ásamt greinargerð um umhverfisvöktun í samræmi við 5. lið starfsleyfis. Skv. niðurstöðum er magn fitu í fráveituvatni yfir leyfilegum mörkum.

Í samræmi við grein 1.5 er tilkynnt er þegar vinnsla hefst í verksmiðjunni eftir meira en mánaðar stopp.

Flotgirðing er til staðar til bregðast við bráðamengun í samræmi við grein 2.24

Viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar er til staðar í samræmi við grein 4.4

TVN gildi í hráefni er mælt í samræmi við grein 3.2

Fitugildra í plani er tæmd eftir þörfum, í samræmi við grein 3.1 er kvittunum varðandi losun gildrunnar haldið til haga.

Að lokum var gengið um athafnasvæði verksmiðjunnar, það var snyrtilegt og umgengni um það góð. Fram kom að í nýju ketilhúsi er gert ráð fyrir geymslu fyrir edikssýru og aðra efnavöru sem enn sem komið er geymd utandyra.

Frávik frá

Grein 2.22 í starfsleyfi

Lýsing á fráviki

Lekavaramarþró umhverfis lýsisgeyma rúmar aðeins 25% af rýmd geymis en ekki 60% eins og kveðið er á um í starfsleyfi. Framlengdur frestur til úrbóta rann út þann 1. nóvember sl.

Grein 2.18 í starfsleyfi

Fita í fráveituvatni frá fitugildru er yfir þeim mörkum sem heimiluð eru í starfsleyfi

Reykjavík, 20.11.2013



Leifur Þorkelsson

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.